

STARFSLEYFI

Loðdýrabú Túni

Loðdýrabú

Túni, fastanr. F2201079 mhl. 20 0101, 22 0101

803 Selfoss

kt. 450713 0740

Nafn og kt. rekstraraðila: **Tún í Flóa ehf., kt. 450713 0740**

Heimilisfang: **Túni, 803 Selfoss**

Útgáfudagur: 23. september 2021 Gildir til: 23. september 2033

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Samræmd starfsleyfisskilyrði loðdýrabú
dags. 23. september 2021**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65a, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 23. september 2021



Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

Loðdýrabú

Tún í Flóa ehf.

Túni, Flóahreppi, 803 Selfoss

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir öll loðdýrabú, s.s. kanínubú, minkabú og refabú.	550/2018 5. gr.	
1.2	Rekstraraðili skal taka upp innra eftirlit þar sem jafnóðum eru skráðir eftirfarandi þættir starfseminnar: <ul style="list-style-type: none"> a) Fjöldi loðdýra (læður, ungar og högnar). b) Fjöldi sláturdýra og sjálfdaudra dýra. c) Fjöldi strokudýra. d) Tæming þróa, dagsetning losunar og áætlað magn skíts. e) Förgun úrgangs sem til fellur og áætlað magns úrgangs, þ.m.t. hræ og lyfjaleifar. f) Mengunarslys sem kunna að verða, s.s. ef þró yfirfyllist. g) Skráning á frávikum og viðbrögðum með þeim. Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum.	550/2018 8. og 57. gr.	
1.3	Lyf, lyfjaleifar og hættuleg og varasöm efni skulu geymd í læstri og loftræstri geymslu. Lyfjaleifum og spilliefnum skal jafnóðum komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.	888/2015, lög nr. 61/2013, rgl. nr. 737/2003 og rgl. nr. 806/1999	
1.4	Eintak af skilyrðum þessum og viðkomandi lögum og reglum skulu ávallt tiltæk á vinnustað.	550/2018 8. gr.	
1.5	Tilkynna skal viðeigandi heilbrigðiseftirliti ef starfsemi rekstraraðila er lögð niður eða ef breytingar verða á rekstrinum.	550/2018 13. gr.	